

## Tjáning, börn örvuð til máls

Hvert tækifæri er notað til að örva börnin til máls, við tökum undir babl og bendingar yngstu barnanna og hvetjum þau áfram þegar þau sýna viðleitni til að tala með áhuga og þolinmæði. Við notum almennt stuttar setningar og kveðum skýrt að hverju orði en eftir því sem börnin eldast og þroskast gerum við auknar kröfur um þróun máls.